

SAMÞYKKTIR

FYRIR HLUTAFÉLAGID

NÝHERJI HF.

1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR

- 1.1. Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Nýherji hf.
- 1.2. Heimili félagsins er að Borgartúni 37, Reykjavík.
- 1.3. Tilgangur félagsins er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni. Í því felst þróun hugbúnaðar, útvegur tölvu- og skrifstofubúnaðar, ásamt ráðgjöf og tengdri þjónustu. Auk þess fjárfestir félagið í skyldum rekstri.

2. HLUTAFÉ FÉLAGSINS

- 2.1. Hlutafé félagsins er kr. 235.000.000,- og skiptist í jafnmarga hluti. Hluthafafundur einn getur samþykkt aukningu hlutafjár í féluginu. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum aukningarhlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína.

Stjórn félagsins er heimilt, sbr. 41. gr. Hlutafélagalaga, að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 36 millj. með sölu nýrra hluta til nýrra hluthafa. Falla núverandi hluthafar frá forkaupsrétti sínum til kaupa á hlutum þessum.

Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi bréfanna og sölureglur hverju sinni. Skal áskrift fara fram samkvæmt ákvæðum samþykkt félagsins og V. kafla hlutafélagalaga.

Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í féluginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar.

Heimild þessa getur stjórn Nýherja nýtt innan þriggja ára frá samþykkt hennar. (Samþykkt á aðalfundi 26. janúar 2007).


Þá er stjórn félagsins enn fremur heimilt sbr. 41. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 m.s.br. að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 65 milljónir með útgáfu nýrra hluta og ráðstafa með eftirfarandi hætti:

- Allt að kr. 25 milljónir til greiðslu fyrir hlutafé í TM Software hf. Falla núverandi hluthafar frá forkaupsrétti sínum til kaupa á hlutum þessum.
- Allt að kr. 40 milljónir ætlaðar til sölu til núverandi hluthafa og starfsmanna innan Nýherja-samstæðunnar.

Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti umfram hömlur á öðrum hlutum í féluginu. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í féluginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar.

Heimild þessi til stjórnar Nýherja gildir í níu mánuði frá samþykkt hennar. (Samþykkt á aðalfundi 25. janúar 2008).

- 2.2. Hlutabréf félagsins skulu gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.



Hlutaskrá, samanber 11. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, skoðast fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í féluginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutabréfa í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna féluginu um bústaðaskipti.

Um eigendaskipti að hlutum og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

- 2.3. Engin sérréttindi fylgja hlutum í féluginu.
- 2.4. Enginn hluthafi verður skyldaður til að þola innlausn hlutar síns að öllu eða einhverju leyti.
- 2.5. Hver hluthafi skal tilkynna stjórninni utanáskrift sína, og má senda til hans allar tilkynningar um félagsmálefni með þeiri utanáskrift. Láti einhver hluthafi hjá líða að skýra frá slíkri utanáskrift, á hann ekki heimtingu á að fá tilkynningu, sem stjórnin kynni að ákveða að senda persónulega til hluthafa, nema því aðeins, að stjórn félagsins sé kunnugt um heimilisfang hans, né heldur að fá arðgreiðslur sendar sér. Arðs getur hann hins vegar vitjað í skrifstofu félagsins innan þriggja ára frá því að hann varð gjaldkræfur, en geri hann það ekki, fellur arðurinn til félagsins.
- 2.6. Hver hluthafi er skyldur til, án sérstakrar skuldbindingar, að lúta samþykktum félagsins, eins og þær eru nú, eða eins og þeim kann síðar að verða breytt á löglegan hátt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í féluginu. Þessu ákvæði verður ekki breytt né það fellt niður með neinum ályktunum hluthafafundar.

3. STJÓRNSKIPULAG

- 3.1. Með stjórn félagsins fara:
 - a) Hluthafafundir.
 - b) Stjórn félagsins.
 - c) Forstjóri.

4. HLUTHAFAFUNDIR

- 4.1. Æðsta vald í öllum málefnum félagsins, innan þeirra takmarka, sem samþykktir þess og landslög setja, er í höndum lögmætra félagsfunda. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Hluthafi má sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum.
- 4.2. Aðalfund skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Fundinn skal halda í heimilissveit félagsins eða öðrum þeim stað er stjórnin ákveður á hverjum tíma.

Til hluthafafunda, skal boða með auglýsingi í víðlesnum dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti. Aðalfundi skal boða með tveggja vikna fyrirvara en aðra hluthafafundi með viku fyrirvara. Hluthafafundir eru lögmætir án tillits til fundarsóknar ef réttilega er til þeirra boðað. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka skal til meðferðar breytingar á samþykktum skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

- 4.3. Einni viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.

4.4. Stjórn félagsins skal kveðja til hluthafafundar, þegar hún telur þess þörf, svo og skv. fundarályktun, eða þegar kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða minnst 1/10 hlutafjárlins, krefjast þess skriflega, og greina fundarefni. Þegar lögmæt krafa um fundarhald er fram komin, skal stjórninni skylt að boða til fundar í síðasta lagi innan tveggja vikna frá því, er henni barst krafan. Hafi félagsstjórnin eigi boðað til fundar innan þess tíma, er heimilt að krefjast þess að ráðherra boði til fundarins.

4.5. Á dagskrá aðalfundar skulu þessi mál tekin til afgreiðslu:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi félagsins sl. starfsárs.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt athugasemdum endurskoðenda skal lagður fram til samþykktar.
- 3) Tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 4) Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og varastjórnar.
- 5) Tillögur um lagabreytingar, sem löglega eru fram bornar.
- 6) Kosning stjórnar, sbr. 5.1.
- 7) Kosning endurskoðenda, sbr. 7.2.
- 8) Önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Mál, sem ekki eru sérstaklega greind í dagskrá er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

4.6. Hluthafafundi stýrir fundarstjóri sem fundurinn kýs.

Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðarbók.

Í fundargerðarbók skal skrá allar fundarsamþykktir og gagnorða greinargerð fyrir umræðum á fundinum. Þá er fundargerð hefur verið lesin upp og samþykkt, skal fundarstjóri undirrita hana ásamt fundarritara.

Í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund skulu hluthafar eiga aðgang að fundargerðarbók eða staðfestu endurriti fundargerða á skrifstofu félagsins. Fundargerðarbók skal varðveisitt með tryggilegum hætti.

4.7. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum hlut í féluginu.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða, nema þar sem annað er tekið fram í samþykktum þessum.

5. STJÓRN FÉLAGSINS.

5.1. Aðalfundur kýs árlega 3 menn í stjórn félagsins og 1 til vara. Hluthafar, sem ráða yfir minnst einum tíunda (10%) hlutafjárlins, geta krafist margfeldiskosningar eða hlutfallskosningar við kosningu hinna þriggja stjórnarmanna og varamanns þeirra. Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi svo og varafomann.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins a.m.k. sjö sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér.

5.2. Formaður kveður stjórnina til funda og stýrir þeim. Fundi skal halda hvenær sem hann telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanns eða forstjóra. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að mættir séu þrír stjórnarmenn eða tveir stjórnarmenn ásamt varamanni.

Stjórnendur skulu halda gerðarbók um það, sem gerist á stjórnarfundum og staðfesta hana með undirskrift sinni.

Einnig skal halda sérstaka bók um hlutafjáreign stjórnarmanna og forstjóra vegna ákvæða 67. gr. hlutafélagalaga.

5.3. Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Megin skyldustörf hennar eru:

- 1) Ákvarða stefnu félagsins og hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.
- 2) Að ráða forstjóra, ákveða laun hans og ráðningarkjör, setja honum erindisbréf og veita honum lausn.
- 3) Að koma fram fyrir félagsins hönd fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
- 4) Að ákveða hver eða hverjir skuli skuldbinda félagið.
- 5) Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsyn á hverju sinni.

5.4. Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum bókum og skjölum fyrirtækisins.

5.5. Til að skuldbinda félagið þarf undirskrift meiri hluta stjórnarmanna.

6. FORSTJÓRI

- 6.1. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagsræðis fyrir félagið. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Forstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 6.2. Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Hann skal veita henni og endurskoðendum allar þær upplýsingar, sem óskað er eftir. Heimilt er að ráða stjórnarmann forstjóra, en þó er óheimilt að forstjóri sé jafnframt stjórnarformaður.

7. REIKNINGAR OG ENDURSKODUN

- 7.1. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár í samræmi við fyrirmæli laga um ársreikninga.
- 7.2. Á aðalfundi skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma til eins árs í senn.

Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveim vikum fyrir aðalfund. Ber þá að senda ársreikninginn til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum.

Í síðasta lagi einni viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðanda og skulu þau og athugasemdirnar liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi, a.m.k. viku fyrir fundinn.

8. EIGIÐ HLUTAFÉ FÉLAGSINS

- 8.1. Um kaup félagsins á eigin hlutabréfum fer samkvæmt VIII. kafla hlutafélagalaga.

9. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

- 9.1. Samþykktum félagsins má einungis breyta á löggum hluthafafundi félagsins, enda sé þess rækilega getið í fundarboði, að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju hún felst í meginatriðum. Ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum.
- 9.2. Ákvarðanir um breytingar á félagssamþykktum, sem upp eru taldar í 94. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 verða því aðeins teknar, að þær hljóti það atkvæðamagn, sem í greininni getur.

10. SLIT Á FÉLAGINU

- 10.1. Með slit á félagini og samruna eða sameiningu við önnur félög skal fara eftir ákvæðum hlutafélagalaga.

11. ÖNNUR MÁL

- 11.1. Ákvæði samþykktta þessara eru sett í samræmi við hlutafélagalög nr. 2/1995 og vísast til ákvæða laganna varðandi vafaatriði.

25. janúar 2008